

Jón Sigurðsson á Gautlöndum og uppruni Þjóðminjasafnsins

Í grein í Lesbók Morgunblaðsins 15. mars 1953 ritar Á.Ó. (trúlega Árni Óla) ítarlega grein um uppruna Þjóðminjasafnsins, eða Forngripasafnsins eins og það nefndist áður, og rekur þátt fundar Baldursheimsmunanna frá 1860–61 í stofnun þess. Hann telur að skýrsla Jóns á Gautlöndum með teikningum Arngríms málara til Sigurðar Guðmundssonar málara í Reykjavík „sem hann vissi að hafði mikinn áhuga fyrir fornminjum“ hafi verið kveikjan að því að Sigurður ritaði „Hugvekju til Íslendinga“ sem birtist í Þjóðólfi í apríl 1862. Þar skorar hann á Íslendinga að stofna forngripasafn.

Tæpu ári síðar ritaði séra Helgi Sigurðsson á Jörva (síðar á Melum) hvatningargrein í Íslending þar sem hann skorar á yfirvöld að stofna forngripasafn og gefur 15 muni sem hann hefur safnað og setur skilyrði, m.a. að safnið skuli vera undir stjórn stiftsyfirvalda Íslands. Eftir fleiri hvatningar gáfu stiftsyfirvöld út „bréf um það 24. febrúar 1863 að safnið skyldi stofnað, og telzt það síðan stofndagur þess“. Síðar var þeim Jóni Árnasyni þjóðsagnaritara og Sigurði Guðmundssyni málara falið að hafa alla umsjón með safninu. Áður en gripir Helga bárust safninu hafði Jón á Gautlöndum afhent Baldursheimsmunina sem enn bera fyrstu skráningarnúmer safnsins 1,2...

Á.Ó. segir: „Jón Sigurðsson á Gautlöndum lét ekki við það sitja að gefa skýrslu um þennan fund. Þegar hann sá að von var til þess að hér mundi rísa upp forngripasafn fór hann til Jóns bónda Illugasonar í Baldursheimi og fékk hjá honum alla gripina til þess að þeir færi í safnið. Sendi svo Jón á Gautlöndum gripina suður og skrifaði bréf með. Kom hvort tveggja hingað 15. júlí um sumarið, og þótti forstöðumönnum safnsins heldur vænt um.“

Á 25 ára afmæli safnsins varð „allmikið blaðaprás“ um hvern bæri að telja stofnanda forngripasafnsins, og bar þá helst á þeim séra Helga og Sigurði málara og einnig Jóni Árnasyni. Í afmælishófi sem haldið var á Hótel Alexandría í Reykjavík var þeirra minnst og „Sömuleiðis Jóns Sigurðssonar alþm. á Gautlöndum, er hafði að nokkru leyti lagt grundvöll til safnsins með hinum merkilega Baldursheimsfundi“. Á.Ó. telur að helst hafi „hlutur Jóns á Gautlöndum verið fyrir borð borinn og hans sjaldnast getið í sambandi við stofnun safnsins, en honum ber eigi síður að þakka en þeim Sigurði Guðmundssyni og séra Helga Sigurðssyni.“

Um skýrsluna um Baldursheimsfundinn segir Á.Ó.: „Mundi nú líklega fátt vitað um þennan fund, ef Jóns á Gautlöndum hefði ekki notið við“.

Athyglistvert er hve skýrslan er nútímaleg. Jón fékk utan- aðkomandi drátthagan mann, Arngrím málara^{*)} til að teikna upp munina. Það var enginn opinber aðili þá til að taka við skýrslunni og það, að Jón leggur í þessa vinnu, er ekki hægt að skýra á annan hátt en að hann hafi ætlað hana sem innlegg í væntanlegt þjóðminjasafn - og að hún var rituð á íslensku þýðir að hann ætlaðist til að það yrði hérlendis.

allar beinar tilvitnanir í grein Lesb.Mbl. 15.03.1963
nóvember 2012 / gj

Arngrímur málari bjó um þetta leyti á Sveinsströnd, næsta bæ við Baldursheim, og var Jóni vel kunnugt um hve drátthagur og listrænn hann var, svo það lá beint við að Jón hafi leitað til hans varðandi teikningarnar. Hins vegar sýnist mér ekkert vera hæft í því sem Kristján Eldjárn segir í bók sinni um Arngrím málara, er hann heldur því fram að Arngrímur hefi einnig ritað skýrsluna.